

## 3. gr.

Tilraunastarfsemin verði rekin innan sviðs landbúnaðarrannsóknna á Íslandi skv. lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

## 4. gr.

Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við mannvirkjagerð og rekstur ákvarðast af fjárveitingu hverju sinni.

## 5. gr.

Við tilraunastöðina starfi sérfræðingur í fóðurfræði og rannsóknamaður, ráðnir af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, en launaðir af ríkissjóði. Auk þess skulu sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðunautar Búnaðarsambands Suðurlands hafa aðstöðu til rannsókna á tilraunastöðinni, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni samkvæmt mati stjórnar tilraunastöðvarinnar.

## 6. gr.

Tilraunastöðin starfar undir yfirstjórn þriggja manna, og skal hún skipuð þannig: Einn maður tilnefndur af Búnaðarsambandi Suðurlands, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og starfandi bóndi á svæði Búnaðarsambands Suðurlands, tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Ráðherra skipar stjórn og stjórnarformann til 4ra ára í senn.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Pálmi Jónsson.*

**L Ö G**

**um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971,  
með síðari breytingum.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:*

## 1. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein er verði 7. málsgrein og orðist svo:

Hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

## 2. gr.

Ný 2. mgr. 12. gr. orðist svo:

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim, sem skortir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti en því, er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris (grunnlífeyris án bóta tengdra honum). Örorkustyrk má enn fremur veita þeim, sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örkorku sinnar, og heimilt er að greiða slíkan styrk vegna bæklunar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs, ef hún hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki, og skulu þær staðfestar af ráðherra.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

## L Ö G

um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá, með síðari breytingum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. Við 1. gr. laganna bætist undir viðkomandi vörulið eftirtalin tollskrárnúmer:

| Tollskrárnúmer | Vörulýsing                                                                                                           | Tolltaxti % |
|----------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------|
| 19.02.03       | Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn og sjúka                                                                     | 0           |
| 20.05.04       | Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn .....                                                                        | 0           |
| 21.05.22       | Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn .....                                                                        | 0           |
| 21.07.23       | Neyðarmatvæli í auðkenndum umbúðum, svo og fæðutegundir sérstaklega tilreiddar sem fæða fyrir ungbörn og sjúka ..... | 0           |

2. Tollur af fæðu sérstaklega tilreiddri fyrir ungbörn sem flokkast undir tollskrárnúmer 20.02.09 og 20.06.20 verði felldur niður samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*